

Miðborg

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Ekki fleiri mislæg gatnamót
- Ekki setja göng undir Skólavörðuholtið
- Ný Hringbraut og fleiri hraðbrautir verði að „greiðgötum“ með 40 km hámarkshraða
- 30 km hverfið gert raunverulegt samanber Vesturbæinn
 - setja upp sektarmyndavélar
- Fjölga vistgötum
- Það þarf að endurskapa Njarðargötu, Frakkastíg og Eiríksgötu á sambærilegan hátt og Skólavörðuholtið
 - huga að því að tryggja öryggi barna á leið í skólann
- Allt Skólavörðuholtið verði lagt steinlögn sem dregur úr umferðarhraða
- Breyta Laugavegi og Skólavörðustíg í göngugötur með rafknúnum strætó
- Það þarf að loka Austurstræti aftur fyrir bílaumferð
- Það á að loka Laugaveginum á góðviðrisdögum
- Ingólfstorg verði án götu að Fálkahúsinu
- Koma á bílastæðisgjöldum um öll Þingholtin nema fyrir íbúa
- Gjaldfrjáls bílastæði fyrir íbúa miðborgar
- Hækka bílprófsaldur til að fækka nemendum í framhaldsskólum sem eru á bílum
- Banna nagladekk vegna mengunar
- Minnka söltun gatna vegna mengunar
 - það er þarflaust að salta láréttar 30 km götur
- Steypa götur í stað þess að malbika

Almenningssamgöngur

- Það þarf að líta heilstætt á almenningssamgöngur
 - strætó A-Ö – það er gróði að hafa frítt í strætó ef allt er tekið með í reikninginn
 - ríkið komi að rekstri Strætó
 - það er sparnaður í að sleppa við að byggja umferðarmannvirki
- Bæta strætótengsl við skóla á Holtinu, svo sem Tækniskólann og Austurbæjarskóla
- Bæta strætósamgöngur meðal annars með miðborgarstrætó og þéttara neti leiða
- Allir almenningsvagnar verði strax knúnir rafmagni eða metan

Hjól og gangandi

- Það vantar hjóla- og göngustíga
- Samgönguleiðir eiga að vera fyrir fólk en ekki bíla í hverfinu
- Það er mikill hraði á reiðhjólum og hjólabrettum á Laugavegi (í báðar áttir)
 - því fylgir slyshætta

Flugvöllurinn

- Flugvöllurinn verði ein braut í vestur-austur með lengingu á norður-suður braut út í Skerjaf
- Flugvöllurinn verði í Reykjavík sem ígildi aðalbrautarstöðvar

Skjól

- Fá fleiri tré á Skólavörðuholtið til að búa til skjól
- Það vantar skjól við helstu gönguleiðir milli miðborgar og háskólasvæðis/ Hótel Sögu/ o.s.

Íþróttir & útivist

Aðstaða og aðgengi:

- Það er skelfilegt aðgengi að Valssvæðinu
- Það þarf að stand vörð um það útivistarrými sem eftir er í borginni og framtíðarsýn má ekki
- hvað væru Lundúnir án Hyde Park, New York án Central Park, Róm án Borohese Gardens?
- Það má bæta malbikuðu vellina við Austurbæjarskóla
- „Drulló í Hallargarðinum“ má nýta sem sparkvöll
- Setja upp þjónustu í Ráðhúsinu fyrir skautatjörn
- Það vantar innanhússmannvirki/ sali fyrir íþróttaaðstöðu
- Það vantar að koma upp hjólabrettaaðstöðu
- Gefa görðum hlutverk til dæmis Mæðregarð sem tafsvæði
- Bæta aðstöðu á Vitatorgi sem vantar í dag tilgang og karakter
-

Af hverju er þessi níska á leiktæki í miðbænum?

- Það ætti að fjölga ruslafötum í bænum
- Koma upp útilaug við Sundhöllina
- með bekkjum og stólum fyrir „piknik“ aðstöðu
- Koma upp skjólmyndun við Lækjartorg með því að planta trjám og öðrum gróðri á torgið
- Opna Lækinn við Tjarnargötu og breikka gönguás
- Hringbraut í stök og tengja opnu svæðin saman
- græna brú yfir Hringbraut
- Meiri gróður á torg og götur
- Setja upp busl aðstöðu í miðbænum eins og þekkist í öllum borgum
- Svæðið við Hallgrímskirkju er vannýtt
- þar mætti setja upp útimarkað
- Endurheimta Fríkirkjuveg 11 til almenningsnota
- Bæta viðhald og umhirðu
- Nýta Miklatúnið betur

Hljómskálagarðurinn

- Það má nýta Hljómskálagarð og Arnarhól betur sem íþróttasvæði
- Búa til meira skjól í Hljómskálagarði og inni í miðbænum almennt
- Kaffihús í Hljómskálagarð
- Það má bæta skautaaðstöðu í Hljómskálagarðum
- Með því að setja uppfyllingu í tjörnina við Fríkirkjuveg má búa til opið svæði og skjól; tengja
- með smábúðum, markaði o.fl. á leiðinni sem býr til skjól í Hljómskálagarðinum
- Það má breikka svæðið á milli miðbæjar og Hljómsskólagarðs
- opið grænt svæði
- fylla út í hluta tjarnarinnar
- Setja upp útigrið í Hljómskálagarð og kamra/ salernisaðstöðu
- Efla leikaðstöðu í Hljómskálagarði

Setja tennisvelli í Hljómskálagarð

Lífsgæði

Útivist og græn svæði

- Það þarf að staldra við og endurskoða stöðuga skerðingu náttúrulegra útivistarsvæða
 - HR setur til að mynda stórt strik í upplifun útivistar í Nauthólsvík
 - það sama á við um stöðuga skerðingu Laugardals
- Skapa ber skilyrði til að njóta útiveru í birtu og skjóli
 - fallegar byggingar
 - ekki háar byggingar
 - búa til skjól
- Koma upp leikvöllum og útivistarsvæðum með mismunandi hlutverk í hverfin
- Það eru lífsgæði að geta gengið niður Laugavegin (með börn) án þess að þurfa að anda að s
- Nýta torgið á Óðinstorgi með möguleika á markaði
- Opna ævintýralegar gönguleiðir á norðanverðu Skólavörðuholti
- Umhverfið þarf að taka tillit til dýralífsins – fugla – hunda – katta

Aðstaða

- Það þarf að tryggja þjónustu í nærumhverfi, innan gönguvegalengdar
Tryggja góðar almenningsgöngur og öruggar göngu- og hjólaleiðir
- Útisundlaug í miðbæinn
 - hugsanlega við Barónsfjós

Umhverfismál

- Koma á umhverfisstefnu í flokkun sorps
 - hver rekstraraðili/ íbúi sjái um umhverfi síns húss, til að mynda hreinsa gangstétt, veggjal
- Ekki hafa rútur í gangi í íbúagötum á nóttunni
- Gera reglulega hávaðamælingar á skemmtistöðum

Miðborgin og skipulagsmál

- Halda í hjartað
- Þar sem skipulagsmál ráðast af pólitík, er kallað eftir „gæðapólitík“
- Verndun götumynda er mikilvæg því þarf að tryggja að nýbyggingar taki betur mið af hlutföll
- Varðveita gömul hús og að þau verði gluggi að menningarverðmætum
- Það þarf að hlúa að menningu og sögu
 - miðborgin er „þétt“ af sögu og minjum sem ekki verða sótt síðar ef þeim er eytt nú
 - það þarf að endurskoða stefnu í þessu samhengi (sbr. Stefeen Gulmann & Eric Holding)
- Það er skerðing á lífsgæðum annarra að hús séu látin „drabbast niður“
 - það þarf að herða róðurinn
- Ekki taka útsýni frá öðrum
- Auka gæði byggðar á Hverfisgötunni
 - gefa henni tilgang/ hlutverk – verslunar og uppbyggingar
- Það þarf að varðveita götumynd Laugavegarins
 - Hverfisgata fær að vera „modern“ á meðan Laugavegur heldur í hefðina
- Það á að banna heillímingar á glugga
- Setja upp ísbúð austan Lækjargötu
- Tryggja skapandi mannlíf á götum borgarinnar svo sem götuleikhús eða aðra skapandi hópa

Kjarninn

Umhverfi og útivist

- Búa til „sólartorg“ fyrir kaffistemmingu á góðviðrisdögum
 - eins og torgið við Vegamót
 - Setja upp girðingar við Arnarhól til að hann nýtist sem sleðabrekka án þess að hætta sé að re
 - Hefla Tjörnina og lýsa fyrir skautasvell
- Setja upp grunna tjörn með klórvatni sem börn geta sullað í á sumrin og fyrir skautasvell á veturr

Verslun og þjónusta

- Það vantar kjarna fyrir íbúa
 - setja upp kjarna/ hjarta í íbúamiðstöð, til dæmis í heilsuverndarstöð
- Það væri slys að flytja hverfamiðstöð á Höfðatorg það er út fyrir hverfið eins og ákveðið hefu
- Það þarf að fjölga íbúum til að skjóta stoðum undir betri þjónustu
- Fjölbreytni í þjónustu þarf að vera fyrir fólkið sem býr í hverfinu
- Hvetja til þess að fjölga kaffihúsum og veitingastöðum ofar á Laugaveginum
- Kaffihús við Kjörgarð til að nýta torgið þar
- Það þarf að fjölga búðum á Laugaveginum
 - 30% hlutfallið er of hátt
- Búllur á að flytja í iðnaðarhverfi

Stjórnendur borgarinnar mega ekki vera hræddir við að stýra notkuninni til dæmis varðandi fjöld

- Nota Ingólfstorg sem útiveitingastað margra veitingahúsa
- „Neðanjarðarmall“ í undirgöngum
 - myndi styðja við verslun á Laugaveginum

Íbúarnir

- Íbúastemming vill gleymast í miðbænum
- Borgin þarf að vernda íbúana en ekki ráðast gegn þeim með uppbyggingu á atvinnustarfsemi hótélum, kaffihúsum og með leigubílaumferð sem fylgir slíkri starfsemi
- Reykvíkingar þurfa að ákveða fyrir hvern borgin er
 - hún þarf að vera fyrir íbúa
 - það þarf að stýra því hvernig gestir/ ferðamenn fá þjónustu í Reykjavík
 - til dæmis þarf að ákveða fjölda hótela og samspil við íbúa
- Það þarf að gera greiningu á fjölda hótela
 - ekki gera sömu mistök í byggingu hótela og byggingu íbúða á síðustu árum
 - hótelin koma ekki með hverfisanda
 - allt sem eflir mannlíf, eflir hverfisanda
- Svæðið í kring um Heilsuverndarstöðina/ sundlaugina var kjarni íbúanna
- Þjónustumiðstöðin verði flutt í Heilsuverndarstöðina
- Kaupa upp eignir í hverfunum fyrir valda starfsemi
- Allir íbúar fái miða til að setja til dæmis á bíla sem er ólöglega lagt
 - jafnvel nóg að kynna íbúum símanúmer hjá borginni til að tilkynna um slíka bíla
- Setja upp útisvið á Arnarhóli fyrir tónleika
- Austurvöllur er vel heppnaður til útivistar, meðal annars gott skjól
 - heimfæra það á fleiri svæði

Skólar

- Fá fleiri skóla í miðborgina

- það fjölgar fólki og eykur mannlíf í miðbænum

Verndun og skipulag

- Það þarf að vera skýr stefna varðandi hæð húsa
 - meðal annars þarf að huga að vindgöngum sem verða við hús
- Hæð húsa í miðborginni á að hámarki að vera fjórar til fimm
- Í kreppunni er tækifæri til að borgin móti sér stefnu
- Slippurinn á ekki að fara
 - hann er hluti af miðborginni eins og hún á að vera
 - sama á við um fiskikallanna á bryggjunni
- Ekki „kópera“ skipulag Hamborgar og Amsterdam á Reykjavík
 - þó hafnirnar þar séu teknar undir íbúabyggð á það ekki við í Reykjavík
- Það á að flytja Árbæjarsafn í Hljómskálagarðinn, að minnsta kosti að hluta
- Ekki fórna Hljómskálagarðinum
- Virði byggðarkjarna endurspeglast af heildarmynd hans
 - til dæmis mynda 100 ára gömul hús virði saman
- Listaháskólinn er of stór fyrir Laugavegin
 - þar hefur hann heldur ekkert svigrúm til að vaxa og dafna
- Peningar mega ekki breyta skipulagi
- Koma upp meira af blómum og sígrænum gróðri, til dæmis bergfléttum
- Bergfléttur gegn veggjakroti og ljótum göflum
- Það á að útrýma þrívíddar veggjakroti í formi nýrra húsa á röngum stöðum
- Ný hús sem eru byggð í gömlum hverfum eru alltaf augljóst ný
 - það þarf meiri fagmennsku í að blanda saman nýjum stíl við gamlan
- Borgaryfirvöld þurfa að leggja línurnar um byggingarstíla hverfa eða gatna
- Hús sem eru byggð í miðborginni eiga að hafa „augnvinsamlega“ jarðhæð
 - til dæmis ekki dyr inn í bílageymslu
- Háhýsin við sjóinn „blokkera“ íbúana fyrir ofan
- Það á að banna að byrgja verslunarglugga og glugga þjónustuhúsnæðis
- Velmegun miðborgarinnar felst í að sagan fái að njóta sín til dæmis sögulegar merkingar húsa í miðborginni
- Miðbærinn er lifandi Árbæjarsafn
- Græna klessan sem tengir saman hús Alþingis eru mistök og það sama á við um Siemenshúsi
 - það er engin virðingin fyrir því gamla
- Það á að vera refsivert að láta auð hús í bakgörðum drabbast niður
 - ef hústökufólki væri leyft að taka húsin yfir myndi vandinn hverfa

Umferð

- Það þarf að bæta tengingar á milli hverfahluta
- Það vantar samgöngur/ strætó á Holtið
 - til dæmis hippalegan rafmagnsstrætó
- Setja upp loftlínur fyrir rafmagnssamgöngur
- Það þarf að koma upp „metrókerfi“
- Iðnskólanemar eiga að borga fyrir bílastæði
- Ómalbikað bílastæði á Olísreit við Sæbraut eykur þörf á gluggaþvotti í nágrenninu
- Það á að leysa bílastæðismál með því að setja þau neðanjarðar
- Flugvöllinn burt
- Flugvöllurinn má vera, en æfingarflugið á að fara

- Flugvöllinn í Skerjafjörð

Skólamáli

Skólamannvirki

- Húsnæði Austurbæjarskóla er sprungið
 - það væri gott að fá Vörðuskóla
 - burt með bráðabirgðakennslustofur
 - það þarf að bæta leikaðstöðu á skólalóðinni
- Það þarf að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana innanhúss á skólavörðuholti
 - það er slæmt aðgengi að Valsheimili og Nauthólsvík
- Reyna að halda í menntastofnanir á svæðinu og bæta strætóleiðir að þeim
- Koma á strætóleið við Austurbæjarskóla til að auka öryggi og minnka umferð við Hallgrímski
 - fyrir börn úr öðrum hverfum
 - fyrir börn í hverfinu til að sækja tómsundur í öðrum hverfum
- Bæta leið/ fá beina leið yfir á Valssvæði og út í Nauthólsvík
- Hlúa að íbúum/ borgarbúum í hverfinu með börn í skóla og góðri aðstöðu fyrir grunnskólann

Hjartans mál

Útivist og umhverfi

- Hvernig öðlumst við ást á nærumhverfinu?
 - með því að bera virðingu og ábyrgð á nærumhverfi og mannlífi
- Setja upp nettengingar og fleira til að gera ýmis torg og svæði „mannlegri“, gömlum svæðum til g
- Setja aspir eða önnur tré og þétta runna að Tjarnarbrúnni til að búa til skjól
 - Planta aftur trjám syðst á lóð MR sem vindbrjótar
 - Setja skjólveggi fyrir vind með reglulegu millibili á ýmsum stöðum, til dæmis á Laugaveginum
 - Garðyrkjudeild borgarinnar á þakkir skilið fyrir það hvað hún heldur borginni fallegri
 - Það þarf að bæta skólalóðina við Austurbæjarskóla svo litlu börnin hafi meira að gera

Mannvirki

- Ganga frá Olísplaninu hið fyrsta og setja skjól norðanmegin meðfram því
- Það þarf að virða gömlu húsin
 - í þeim felast menningarverðmæti
- Nýbyggingar þurfa að taka mið af eldri húsum í nágrenninu og að nýbyggingar beri ekki gömu
- Taka mið af hæð eldri húsa þegar byggð eru ný mannvirki í gamla bænum
- Ekki byggja nýtt sjúkrahús á Háskólalóð, heldur flytja spítalann upp á Höfða
 - hér er ekki pláss

Passa að búa ekki til skuggavarp

Umferðarmál

- Umferðaröryggi
 - göngugötur á Laugavegi og Skólavörðustíg
- Það þarf að hægja á umferð
 - gangandi og gangstéttir fái forgang á akandi umferð
- Setja fleiri hraðahindranir á Skúlagötuna

Annað

- Það þarf að benda skattborgurum á að þeir spara skattpeninga ef þeir ganga vel um
- Koma í veg fyrir veitingahúsaómenningu
 - það þarf að breyta opnunartíma
- Það þarf að koma fyllerispakkinu úr miðbænum í úthverfi
 - þeim fylgir sóðaskapur sem á ekki heima í íbúðahverfi miðbæjarins
 - ekki setja bændur graðhesta í girðingu við svefnherbergisluggann hjá sér
- Reka þá erlenda borgara úr landi sem verða uppvísir að síendurteknum þjófnaði